

13

## L Ö G

9. jan.

um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist allt að tvö hundruð þúsund króna lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi, til þess að láta smíða skip til flutninga um Faxaflóa, enda sé lánið einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

Einnig skal skipið annast flutninga um Breiðafjörð, á sama hátt og eigi sjaldnar en e/s Suðurland hefir gert undanfarin ár, unz séð er fyrir þessum flutningum með öðru jafnfullkomnu móti, að dómi atvinnumálaráðherra.

## 2. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram  $\frac{1}{3}$  hlutafjár í h/f Skallagrími, allt að 50 þúsund krónur, og er heimilt að skipta framlaginu í jafnar greiðslur, allt að 10 þús. kr. á ári, á næstu 5 árum.

## 3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Á meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið, má eigi greiða hluthöfum hærri arð en 5% og aldrei yfir  $\frac{1}{3}$  af hreinum ársarði félagsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*